

Skýrsla félagsmálafulltrúa skólaárið 2009-2010

Hlutverk félagsmálafulltrúa Fjölbrautaskóla Suðurlands er að vera tengiliður milli kennara og nemenda og styðja við heilbrigt og skapandi félagslíf nemenda í skólanum.

Undir verkahring félagsmálafulltrúa fellur meðal annars að sækja vikulega fundi nemendaráðs, sitja fundi skólaráðs og miðla upplýsingum milli ráðsins og stjórnenda skólans, hafa umsjón með ballvöktum kennara, vera nemendaráði og skemmtinefnd til aðstoðar á kvöldvökum, vinna í forvarnarteymi ásamt forvarnarfulltrúa og námsráðgjafa að mótun og framkvæmd forvarnastefnu.

Félagsmálafulltrúi sat nánast alla nemendaráðsfundi sem haldnir voru á skólaárinu, en þeir eru vikulegir. Telur undirrituð þetta vera bestu leiðina til að halda utan um og fá sem nýlegastar upplýsingar um það sem nemendaráð er að skipuleggja og þá er auðvelt og fljótlegt að bregðast við ef þarf. Félagmálafulltrúi sat einnig alla skólaráðsfundi skólaársins, en þeir fundir eru góður vettvangur fyrir nemendaráðsfulltrúa að koma upplýsingum um starf sitt á framfæri við stjórnendur og ræða málin. Að auki sat félagsmálafulltrúi vikulega fundi í forvarnarteymi skólans ásamt forvarnarfulltrúa og náms- og starfsráðgjafa.

Félagsmálafulltrúi sótti ásamt forvarnarfulltrúa vorkund með forvarnar- og félagsmálafulltrúum framhaldsskóla sem haldinn var í Borgarnesi.

Skólaárið einkenndist af frjósemi og sköpunarkrafti hvað nemendur varðar. Mikið var um að vera og nemendaráð einstaklega útsjónarsamt og sniðugt í útfærslum þar sem vitað var að fjárhagsstaðan eftir síðasta skólaár var ekki eins og best verður á kosið. Ráðið einbeitti sér af krafti að því að skipuleggja sig vel og reyndi sem best sem það gat að sýna aðhaldssemi í fjármálum án þess að það kæmi niður á starfinu sjálfu.

Félagmálafulltrúi hitti fulltrúa nemendaráðs strax um sumarið áður en skóli hófst, en þá var hópurinn farinn að huga að leikstjóramálum fyrir leiksýningu vetrarins sem og að semja við EB hljóðkerfi um tækjakost og afnot af Hvíta húsinu fyrir veturinn.

Mikið og margt var á dagskrá vetrarins. Byrjað var á hefðbundinni busavígslu og henni fylgdi busafestival sem heppnaðist vel, en það var 4 daga dagskrá tileinkuð nýnemum. Alls voru haldnar fimm kvöldvökur á skólaárinu, allar fjölbreyttar og ólíkar að sniði. Tókust þær allar vel og var mæting mjög góð, meiri en undanfarin ár. Í lok september var haldið tónlistarfestival, þar sem nemendur skólans komu fram í hádegis- og kaffihléum. Gaman er að sjá hversu mikið af hæfileikaríku tónlistarfólki er í skólanum og gleðilegt að flagga því sem mest. Mikil og góð þátttaka var í FSu-deildinni á haustönn sem íþróttaráð stendur fyrir, en þar kepptu sex fótboldalið í hádegishléum.

Fimm skólaböll voru haldin á skólaárinu, tvö á haustönn og þrjú á vorönn. Öll böllin fóru vel fram og voru þeir kennarar sem voru á ballvöktum í vetur sammála um að aldrei hafi verið eins lítið að gera og nemendur hafi hagað sér almennt mjög vel, en þegar þetta er skrifað hefur svokallað vörball ekki farið fram. Böllin voru haldin flest á Selfossi, eitt ball

var haldið í Njálshúsi. Búið er að útbúa sérstaka ballmöppu sem tekin var í notkun eftir áramót, en hún hefur að geyma gagnlegar upplýsingar fyrir kennara á ballvakt sem og eyðublöð til að skrá hjá sér nemendur sem einhverra hluta vegna þurfa aðstoð á böllum eða haga sér ekki sem skyldi. Sérstakir ballfundir voru haldnir að venju fyrir hvert ball þar sem farið var yfir öryggismál, aðbúnað og aðstæður á hverjum ballstað fyrir sig.

Söngkeppni NFSu var haldin með glæsibrag í nóvember og tókst skipulag hennar einkar vel og var hún vel sótt. Sigurvegari keppinnar keppti svo í aðalkeppninni sem haldin var á Akureyri í apríl og stóð sig með sóma.

Gettu betur lið skólans gerði það heldur betur gott á þessu skólaári og komst alla leið í undanúrslit. Liðið kom fram í útvarpi og tvisvar í sjónvarpi og var skólanum til sóma.

Kátir dagar og Flóafár voru haldin að venju í byrjun mars. Kátir dagar heppnuðust einkar vel sem og Flóafár. Skýrslur Flóafársnefndar og Kátu Daga nefndar fylgja hér með að neðan.

Garún Danielsdóttir var ráðin leikstjóri og setti hún upp ásamt stórum hópi nemenda söngleikinn Grís Horror, en verkið skrifaði hún fyrir hópinn útfrá vel þekktum söngleik. Frumsýnt var í Gónhóli á Eyrarbakka 19. mars við góðan orðstír og voru sýndar alls 9 sýningar. Undirrituð sér sérstaka ástæðu til að þakka leikstjóranum sérstaklega fyrir góða vinnu með nemendum.

Eitt tölublað af Nota Bene kom út í aprilmánuði og er það efnismikið og vel heppnað. Að auki sá ritráð um útgáfu 3ja tölublaða af Pressunni, fréttablaði nemendaráðs, auk bæklinga fyrir söngleik og söngkeppni.

Á þessu skólaári gafst nemendaráði tækifæri til að vera með þemu og viðburði í nýju fundargati á miðvikudögum, þar sem búið er að breyta eyktaskipan. Ljóst er að þessi opnun í töflu býður upp á mikla möguleika fyrir nemendaráð framtíðar til að vera með viðburði og uppistand ýmiskonar á skólatíma. Í umsjónartíma í febrúar var unnin hugmyndavinna með öllum nemendum skólans þar sem allir lögðu hugmyndir í sarpinn. Þessar hugmyndir tók félagsmálafulltrúi saman og lét nemendaráð hafa til upplýsingar. Nokkurn tíma mun taka fyrir nemendur að venjast nýju skipulagi, en alveg klárt að nýta má þennan tíma á margvíslegan máta.

Að lokum vill ég þakka öllum bæði kennurum og nemendum fyrir mjög gott samstarf á skólaárinu. Það er augljóst að mikill kraftur og hugmyndaauðgi býr í okkar skólasamfélagi og engan bilbug þar að finna á fólki þó ekki ári vel fjárhagslega. Nemendur voru fullir af sköpunarkrafti og gengu með gleði til allra þeirra verka sem þau tóku að sér.

7 maí 2010

Guðfinna Gunnarsdóttir

Meðfylgjandi eru skýrslur fulltrúa kennara í Flóafársnefnd og KátuDaganefnd.

Flóafársnefnd – skýrsla vor 2010

Flóafársundirbúningur gekk nokkuð vel. Auglýst var eftir liðsstjórum nokkrum vikum fyrir keppnina og var nokkuð góður fjöldi sem skráði sig.

Alls voru það fimm lið sem tóku þátt og gekk þeim nokkuð vel að safna krökkum í liðin. Eins og venjulega voru þeir sem ekki skráðu sig í lið sjálfir, skráðir af okkur jafnt í öll liðin.

Þó að hvert lið hafi haft einn liðsstjóra var raunin samt sú að það voru tveir með hvert lið, þar sem aðstoðarmenn liðsstjórana tóku mjög mikinn þátt í undirbúningnum.

Liðin fimm hétu Cobras, Garfield, Klói, Super Mario Bros og Vampíruveldi og var það síðan Vampíruveldi sem stóð uppi sem sigurvegari.

Liðunum tókst mis vel að fá fyrirtæki til að styrkja sig, en eitt lið náði sérstaklega góðum árangri í því. Það var liðið Klói, sem var vel styrkt af MS.

Í ljósi ábendinga frá síðustu önn var ákveðið að Íþróttaráð myndi auglýsa hverjir væru liðsstjórar til að auðvelda nemendum að skrá sig – tókst það nokkuð vel, þó eflaust hefði mátt gera auglýsingarnar sýnilegri.

Ef til vill mættu kennarar vera sýnilegri við lok Fársins til að auðvelda val á bestu búningunum.

Á heildina litið tókst Flóafárið nokkuð vel, en þó má kannski nefna að það vantaði aðeins upp á að allt væri tilbúið þegar keppnin byrjaði um morguninn.

Vikuna eftir Flóafárið hittist nefndin og uppfærði Gátlistann fyrir næstu Flóafársnefndina.

Sigursveinn Már Sigurðsson
Ragnhildur E. Sigfúsdóttir
Ida Lön

Kátir Dagar 2010 í Fjölbrotaskóla Suðurlands Lokaskýrsla

Sem aðilar í Kátudaganefnd viljum við, til að byrja með, fá að þakka þann heiður sem það er að fá að starfa með svo hæfileikaríku og jákvæðu fólki eins og þeim sem áttu sæti í þessari nefnd. Við höfum ekkert upp á neitt þeirra að klaga og vorum sérdeilis ánægð með drifkraftinn og áhugann sem fyrir hendi var á því að hefja dýrð Kátra daga á ný upp í hæstu hæðir, sem og þann metnað sem lagður var í að gera eins vel og mögulega var hægt miðað við aðstæður (þá kannski sérstaklega fjárhagsaðstæður).

Ennfremur teljum við að þessi nefnd hafi sýnt og sannað hversu miklu er hægt að afreka án þess að til þurfi að koma mikið fjármagn. Nýjar hugmyndir var vart búið að viðra þegar framkvæmd þeirra var hafin og er það okkar mat að þess háttar drifkraftur sé nauðsynlegur til þess að hægt sé að framkvæma viðburði eins og Káta daga. Við teljum einnig að árangurinn sem náðist á þessu ári ætti að nægja til þess að kveða niður flestar bölsýnisraddirnar sem virðast spretta upp um leið og undirbúningur er hafinn. Það er engin ástæða til þess að leggja þessa góðu hefð af.

Alltaf mættu ákveðnir hlutir fara betur. Sem dæmi mætti nefna að formaður Kátudaganefndar mætti taka saman litla skrá þar sem koma fram símanúmer og aðrar nýtilegar upplýsingar sem síðan mætti koma áfram til arftakans. Myndi þetta spara mikla vinnu. Annað atriði sem mætti nefna er lokahnykkurinn sem er vandasamt fyrirbrigði sem vonast er til að hafi ákveðið skemmtanagildi og sé þar að auki lokapunkturinn á stórrí hátið innan skólans. Þetta þótti okkur ekki takast alveg nógu vel í ár. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir öllum ástæðunum fyrir því hvers vegna fór sem fór og því finnst okkur að það mætti undirstrika við hvern þann sem tekur við að ári að leggja áherslu á skipulagningu lokahnykksins, ef það er atburður sem kemur til með að lifa áfram. Það mætti jafnvel endurskoða framkvæmd og fyrirkomulag þessa viðburðar. Við bendum sérstaklega á þetta í ljósi þess að skólarúturnar fara kl. 16 og því þurfa þau tímamörk að vera virt, svo að allir geti tekið þátt.

Einnig má benda á að gífurleg vinna fer í undirbúning viðburða af þessu tagi og virkja mætti mun fleiri nemendur skólans við undirbúning og ýmis konar aðstoð við undirbúning. Þar með myndu fleiri nemendur eiga hlut að máli og eiga tilfinnanlegan hlut í Kátum dögum. Ennfremur er undirbúningurinn upplagt tækifæri til þess að ná í þá sem taka almennt ekki þátt í félagsstarfinu eða standa höllum fæti félagslega. Jafnvel mætti þá hugsa sér að settar yrðu upp auglýsingar þar sem óskað yrði eftir aðstoð nemenda, myndlistarnemendur (sem og aðrir áhugasamir) virkjaðir í gerð auglýsingaplakata fyrir Káta daga og ýmislegt fleira sem til fellur.

Að lokum; niðurstöður þessarar skýrslu eru mjög jákvæðar. Hver einasti meðlimur Kátudaganefndarinnar fannst okkur standa sig vel og skila sínu. Vel gekk hjá meðlimum nefndarinnar að vera sýnilegir og aðstoða þá sem komu inn í skólann til þess að halda erindi/skemmta/gera eitthvað annað. Allir nefndarmeðlimir fá rós í hnappagatið frá okkur, sérstaklega Sölvi Hannesson fyrir að vera einstaklega

hugmyndaríkur, áhugasamur, faglegur og drifandi. Þó finnst okkur erfitt að nefna eitt nafn umfram annað því við skynjuðum sama góða andann og góðu vinnubrögðin hjá öðrum nefndarmönnum líka.

**Virðingarfyllst,
Jóna Katrín og Guðmundur Björgvin,
*fyrir hönd kennara í Kátudaganefnd árið 2010***